

70

15. gr.

Með brot mót samþykkt þessari skal farið sem með almenn lögreglumál.

Akvörðun um stundarsakir.

Undir eins og samþykkt þessi er komin í gildi, skal sæta hinu fyrsta tækifæri, að gelda alla þá gradhesta, á hvaða aldri sem eru, sem óhæfir eru til undaneldis eptir samþykkt þessari.

*

*

*

Samþykkt þessi er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi 1. septbr. 1897, og kunngjörst öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norðuramt, Akureyri, 29. apríl 1897.

Páll Briem.

71

10. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um lán úr landsjóði til Árnessýslu. Samkvæmt beiðni sýslunefndarinnar Árnessýslu, og tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. þ. m., þar sem þjer fyrir hönd amtsráðsins í Suduramtinu samþykkið lántökuna, hefi jeg veitt Árnessýslu 2500 króna lán úr viðlagasjóði landsjóðs til þess að styrkja íbúa Gnúpverjahrepps í nefndri sýslu til að koma upp nauðsynlegum húsum í stað þeirra, er hrundu í jarðskjálftunum, er þar gengu um síðastliðið sumar, gegn því að lán þetta endurborgist á 10 árum með 250 krónum á ári, auk 4% vaxta.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

72

15. maí

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu um sveitfesti þurfalings. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dagsett 6. þ. m., um erindi hreppsnefndarinnar í Húsavíkurreppi í Þingeyjarsýslu, þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dagsettum 18. júlí f. á., er kveður svo á að G. Ágúst nokkur Sigurpálsson eigi framfærslurjett í umgetnum hreppi, skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg er samþykkur ástæðum þeim, sem úrskurður yðar er byggður á, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtmanns (stýlaður til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu).

Með brjefi, dagsettu 26. maí þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer allmörg skjöl, viðvíkjandi ágreiningi milli hreppsnefndanna í Saurbæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu og Húsavíkurrepps í sýslu yðar út af styrk, veittum G. Ágúst Sigurpálssyni í Saurbæ af sveitarsjóði Saurbæjarhrepps, að upphæð 50 kr.

Ágúst þessi er tengdasonur sira Jakobs Björnssonar í Saurbæ og hefir verið í vinnu-